



LISTAFAFN REYKJANESBÆJAR



Frá sýningunni Andlit bæjarins. Ljósmyndari Björgvin Guðmundsson

Ársskýrsla

2015

7. mars 2015

EFNISYFIRLIT

1.	FORSAGA OG HLUTVERK.....	6
2.	SAFNKOSTUR.....	6
2.1	SÖFNUNARSTEFNA	7
2.2	SAFNAUKI 2015.....	8
3.	SÝNINGAHALD.....	8
3.1	Sýningarstefna (samþykkt 2. nóv 2010).....	8
3.2	SÝNINGAR ÁRSINS	9
3.3	Listasalur	9
3.3.1	Til sjávar og sveita, verk Gunnlaugs Scheving.....	9
3.3.2	LISTAHÁTÍÐ BARNNA	10
3.3.3	HULDUFLEY. SKIPA- OG BÁTAMYNDIR KJARVALS.....	11
3.3.4	ANDLIT BÆJARINS	12
3.3.5	KVENNAVELDIÐ: KONUR OG KYNVITUND	12
3.4	BÍÓSALUR DUUSHÚSA	13
3.4.1	15/15 – KONUR OG MYNDLIST	13
3.4.2	ÞETTA VILJA BÖRNIN SJÁ.....	13
3.5	GRYFJAN	14
3.5.1	SÝNINGAR TENGDAR HÖNNUN	14
3.5.2	SJÁLFSAGÐIR HLUTIR	14
3.5.3	KJÓLAR – Jafnvægið milli hins náttúrulega og hins tilbúna.....	14
3.5.4	TÖSKUR.....	15
3.5.5	KLAUSTURSAUMUR OG FILMUPRJÓN	15
3.6	Stofan	15
3.6.1	HUGHRIF NÁTTÚRUNNAR.....	15
3.6.2	UM HERÐAR ÞÉR OG HÁLS	16
4.	ÚTGÁFA, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR	16
4.1	SAMfélagsMIÐLAR.....	16
4.1.1	VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN	16
4.1.2	FACEBOOK.....	16
4.2	PRENTUN	16
4.3	SKRÁNING SAFNKOSTSINS OG FORVARSLA	17
4.3.1	Sarpur - fullnaðarskráning haustið 2015	17
4.4	LEIÐSAGNIR	18
4.5	SÖFNUN HEIMILDA	19
4.6	SAFNKENNSLA	19
4.7	FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR	20
5.	ÖNNUR VERKEFNI	20
5.1	LISTASKÓLINN	20
5.2	LISTAHÁTÍÐ BARNNA	20
5.3	LIST ÁN LANDAMÆRA	21
6.	HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI	22

6.1	HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI	22
6.2	STARFSFÓLK	23
6.3	GESTAFJÖLDI	23
7.	REKSTUR	24
8.	LOKAORÐ	24

Samantekt

- Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum.
- Safnaukinn 2015 samanstóð af 14 verkum og er safneignin nú orðin 687 verk.
- 13 sýningar settar upp á vegum safnsins á árinu. 4 í Listasal, 2 í Bíósal Duushúsa, 4 í Gryfjunni og 2 í Stofunni.
- Listasafnið heldur úti vefsíðu reykjanesbaer.is/listasafn og fésbókarsíðu
- Útgefnir voru fimm 4-6 síðna bæklingar, einn 24 síðna bæklingur og ein 60 síðna sýningarskrá.
- Safnkostur telst fullskráður. Öll verk hafa verið yfirfærð í Sarp sameiginlegan gagnagrunn fyrir listasöfnin í landinu. Unnið er að ítarskráningu safnkosts.
- 1800 nemendur heimsóttu safnið.
- Verk eftir 3 listamenn voru sýnd á kynningarsvæði safnsins í landgangi Leifsstöðvar.
- Listasafnið rak Listaskólann og hélt 2 sumarnámskeið fyrir 7-13 ára börn.
- Listasafnið stýrði verkefnum Listahátíð barna og List án landamæra.
- Fimm fastráðnir starfsmenn eru við safnið, þrjú lausráðnir auk sex verkefnaráðinna.
- Gestum fjölgaði á milli ára. Heildargestafjöldi var 40.397 sbr. við 38.492 gesti árið áður.
- Heildarvelta var 27.712.671 kr.

1. FORSAGA OG HLUTVERK

Eiginleg safnastarfsemi í Listasafni Reykjanesbæjar hófst í apríl 2003. Þá var opnaður góður sýningarsalur í Duushúsum sérstaklega ætlaður Listasafninu og einnig var unnin stofnskrá, starfsfólk var ráðið og safnið fékk sjálfstæðan fjárhag. Listasafn Reykjanesbæjar var þar með orðin sjálfstæð stofnun í bæjarfélaginu og eitt af þremur söfnum bæjarins. Segja má að Listasafn Reykjanesbæjar hafi þó verið til sem hugmynd, allt frá sameiningu sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Á þeim tíma var þó varla hægt að tala um eiginlegt listasafn heldur aðeins utanumhald á listaverkaeign bæjarins.

Listasafn Reykjanesbæjar er ennþá eina listasafnið á Suðurnesjum og skipar því stórt hlutverk í menningarlífi svæðisins. Megin hlutverk Listasafnsins er að varðveita listaverk Reykjanesbæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra og myndlistar á svæðinu og miðla þeirri þekkingu til heimamanna og annarra eftir bestu getu og ekki síst að standa fyrir öflugum sýningarstarfi. Ný stofnskrá var samþykkt í menningarráði Reykjanesbæjar 14. september 2010 og var svo endurskoðuð í nóvember 2013. Starfsáætlun 2012 -2015 var samþykkt í menningarráði Reykjanesbæjar í október 2011. Listasafn Reykjanesbæjar sótti um formlega gildingu til menntamálaráðneytisins í nóvember 2013 samkvæmt nýjum safnalögum og hlaut gildingu í febrúar 2014.

2. SAFNKOSTUR

Safnið á verk úr öllum helstu flokkum myndlistar, bæði inni- og útiverk og er safneignin mjög fjölbreytt. Virk og markviss söfnun, þ.e. söfnun eftir söfnunarstefnu hefur verið viðhöfð frá og með árinu 2004 og ávallt verið tekið mið af því fjármagni sem hverju sinni er úthlutað til listaverkakaupa. Árið 2014 var skráning safnkostsins flutt yfir í Sarp, sameiginlegan gagnagrunn allra safnanna í landinu. Á árinu 2015 höfum við einbeitt okkur að ítarskráningu og var starfsmaður með fagþekkingu verkefnaráðinn til þess að yfirfara skráningu allra verkanna ekki síst með tilliti til listfræðilegs þáttar þeirra. Þá voru verk einnig flutt úr geymslu á Tjarnargötu 12 yfir í framtíðar safngeymslur listasafnsins í Ramma og eru nú öll verk þar, sem ekki eru uppsett í hinum ýmsu stofnunum. Sömu leiðis hafa staðsetningar verka verið skilgreindar og færðar inn í Sarp.

2.1 SÖFNUNARSTEFNA

Söfnunarstefnan sem unnið er eftir var endurskoðuð og samþykkt í nóvember 2010. Samkvæmt henni er m.a. lögð sérstök áhersla á að eignast verk eftir listamenn af Suðurnesjum og eignaðist safnið verk eftir 5 Suðurnesjamenn á árinu auk verks eftir nemendur af listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Safnið hefur t.a.m. tekið virkan þátt í List án landamæra frá árinu 2009 og í tengslum við þá hátíð eignast nokkur verk, bæði verk eftir fatlaða listamenn og einnig verk sem fatlaðir og ófatlaðir hafa unnið saman. Þessi hátíð verður áfram haldin með þátttöku Listasafnsins og ákveðið að safna verkum tengdum henni. Auk þess skilja þeir listamenn, sem eru með einkasýningu í Listasalnum, oftast eftir verk til handa safninu og er því safneignin orðin ansi fjölbreytt.

Söfnunarstefna Listasafns Reykjanesbæjar:

1. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir listamenn Suðurnesja frá öllum tímum.
2. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu öllu.
3. Safnið skal hvetja unga listamenn af Suðurnesjum til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni.
4. Stefnt skal sérstaklega að söfnun verka eftir börn og unglínga úr Reykjanesbæ og ætlunin að koma upp góðu yfirliti yfir listiðkun þeirra.
5. Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.
6. Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við fjárframlög hverju sinni.
7. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

2.2 SAFNAUKI 2015

Safnaukinn 2015 samanstóð af 14 verkum og er nú heildarsafneignin nú komin í 687 verk.

Nr	Nafn listamanns	Heiti verks + ártal	Fengið	Grein	LRN - númer
1	Manuel Björn Gomes Jóhannsson	Án titils, 2016	Keypt	Tölvuprent	LRN-0652
2	Manuel Björn Gomes Jóhannsson	Án titils, 2016	Keypt	Tölvuprent	LRN-0653
3	Vigdís Viggósdóttir	Heimasætan, 2015	Keypt	Ljósmyndun	LRN- 676, I-VI
4	Eija Pirttilathi	Vatn, 2015	Keypt	Vefnaður	LRN-0677
5	Björgvin Jónsson	Andlit bæjarins, 2015	Keypt	Ljósmyndun	LRN-0678, I-VI
6	Póra Jónsdóttir	Án titils	Keypt	Málaralist	LRN-0679
7	Póra Jónsdóttir	Án titils, 2008	Keypt	Málaralist	LRN-0680
8	Útskriftarnem. Listnámsbrautar FS	Mygla, 2015	Gjöf	Tölvuprent og teiknun	LRN-0681, I-III
9	Valgerður Guðlaugsdóttir	Sjálfstillífun I, 2011	Gjöf	Skúlpúr	LRN-0682
10	Valgerður Guðlaugsdóttir	Sjálfstillífun II, 2011	Gjöf	Skúlpúr	LRN-0683
11	Valgerður Guðlaugsdóttir	Sjálfstillífun III, 2011	Gjöf	Skúlpúr	LRN-0684
12	Valgerður Guðlaugsdóttir	Sjálfstillífun IV, 2011	Gjöf	Skúlpúr	LRN-0685
13	Valgerður Guðlaugsdóttir	Sjálfstillífun V, 2011	Gjöf	Skúlpúr	LRN-0686
14	Valgerður Guðlaugsdóttir	Sjálfstillífun VI, 2011	Gjöf	Skúlpúr	LRN-0687

3. SÝNINGAHALD

3.1 SÝNINGARSTEFNA (SAMÞYKKT 2. NÓV 2010)

1.gr.

Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir listamenn Suðurnesja frá öllum tímum.

2.gr

Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu öllu.

3.gr.

Safnið skal hvetja unga listamenn af Suðurnesjum til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni.

4.gr.

Stefnt skal sérstaklega að söfnun verka eftir börn og unglínga úr Reykjanesbæ og ætlunin að koma upp góðu yfirliti yfir listiðkun þeirra.

5.gr.

Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.

6.gr.

Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við fjárframlög hverju sinni.

7.gr.

Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarþær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

3.2 SÝNINGAR ÁRSINS

Sýningahald hefur frá byrjun verið viðamikill liður í starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar. Safnið hefur komið beint eða óbeint að fjölda sýninga sem haldnar hafa verið í bæjarfélaginu á árinu m.a. á Ljósanótt auk sýninganna sem safnið hefur haft forgöngu um í sýningarsölum sínum í Duus Safnahúsum. Settar voru upp 4 sýningar í Listasal, 2 sýning í Bíósal, 4 sýningar í Gryfjunni þar af ein í samstarfi við Byggðasafn Reykjanesbæjar og 2 í Stofunni í. Þá var ein sýning sem dreift var í alla framantalda sýningarsali. Alls setti safnið því upp 13 sýningar árið 2014 og þar af voru 3 sem komu tilbúnar frá öðrum söfnum.

24.janúar	Til sjávar og sveita, verk Gunnlaugs Scheving	Listasalur
24.janúar	15/15, Konur og myndlist, verk úr safneigninni	Bíósalur
24.janúar	Sjálfsagðir hlutir	Gryfjan
7.maí	Listahátíð barna	Allir salir
7. maí	Þetta vilja börnin sjá	Bíósalur
6.júní	Huldufley, Kjarvalsmálverk	Listasalur
6. júní	Klaustursaumur og filmuprjón	Gryfjan
3.september	Andlit bæjarins	Listasalur
3.september	Kjólur, hönnunarsýning	Gryfjan
3.september	Hughrif náttúrunnar, þæfð listaverk	Stofan
13.nóvember	Kvennaveldið: Konur og kynvitund.	Listasalur
13.nóvember	Töskur, hönnunarsýning	Gryfjan
5.desember	Handprjónuð sjöl	Stofan

3.3 LISTASALUR

3.3.1 Til sjávar og sveita, verk Gunnlaugs Scheving

Þann 24. janúar var fyrsta sýning ársins opnuð í sýningarsal Listasafnsins í Duus Safnahúsum, sýningin til Sjávar og sveita. Sýningin var samstarfsverkefni Listasafns Íslands, Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Listasafns Árnesinga. Markmið samstarfsins og þriggja sýninga sem söfnin unnu saman, var að kynna ákveðin tímabil og stefnur í íslenskri myndlist. Á þessari sýningu voru tekin fyrir verk Gunnlaugs sem er meðal helstu listamanna þjóðarinnar og endurspegluðu verkin á sýningunni vel þá breytingu sem varð í íslenskri myndlist á millistríðsárunum. Gunnlaugur tilheyrði þeirri kynslóð listamanna sem komu fram í lok fjórða áratugarins. Þjóðernisátök og efnahagskreppa beindu listamönnum inn á nýjar brautir þar sem landslagið var ekki lengur aðalviðfangsefnið heldur nánasta umhverfi og daglegt líf.

Í Listasafni Íslands er varðveitt mikið safn verka Gunnlaugs Scheving og verkin á sýningunni komu öll úr safneign safnsins. Á sýningunni voru nokkur af risastórum verkum Gunnlaugs en einnig minni verk, frumdrög og skissur sem gáfu gestum tækifæri á að kynnast myndhugsun listamannsins og vinnuferli. Gunnlaugur skoðaði í þaula hvernig menn báru sig að við vinnu, hvort sem um ræddi sjómenn eða bændur, hann skoðaði afmarkaða hluti en einnig hvernig myndbyggingin vinnur með og miðlar hreyfingu og átökum við vinnu og samspili manns og náttúru.

Verkin á sýningunni sýndu þróun hugmynda, vangaveltur og þrotlausa vinnu listamannsins þar sem samlífi manns og náttúru er umfjöllunarefnið og rauði þráðurinn í verkum Gunnlaugs. Gestum var gefinn kostur á leik og fræðslu með verkefnum til þess að glíma við og hafa gaman af. Sýningastjóri var Björg Erlingsdóttir.

3.3.2 LISTAHÁTÍÐ BARNNA

Þann 7. maí var listahátíð barna haldin hátíðleg í 10. sinn en hún er samvinnuverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskóla bæjarins, allra 6 grunnskólanna, Tónlistarskólans, dansskólanna og nú einnig listnámsbrautar Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hátíðin hefur vaxið og eflst með hverju ári og er virðing fyrir börnum, störfum þeirra og þörfum höfð að leiðarljósi. Verk leikskólabarnanna voru staðsett í Listasal undir heitinu „Undraheimur bókarinnar,“ verk grunnskólabarnanna voru til sýnis í Gryfjunni undir heitinu „Listaverk í leiðinni“ og verk FS voru staðsett í Rísi Bryggjuhússins og hét sýning þeirra „MYGLA.“

Undraheimur bókarinnar

Á hverju ári er ný yfirskrift valin fyrir sýningu leikskólabarnanna. Ýmis viðfangsefni hafa orðið fyrir valinu m.a. vináttan, hafið, himinninn, sögur og ævintýri, umhverfið og afmæli. Í þett sinn var það bókin sem var viðfangsefni barnanna sem rímar mjög vel við áherslur í framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Yfirskriftin leggur grunn að margvíslegu námi barnanna stóran hluta úr vetri. Kafað er ofan í viðfangsefnið frá ýmsum sjónarhornum og afraksturinn birtist m.a. í glæsilegum skúlptúrum sem settir eru fram í formi listsýningar. Úr verður ævintýraheimur sem lætur hvorki fullorðna né börn ósnortin.

Listaverk í leiðinni

Yfirheiti sýningar grunnskólabarnanna hefur fram til þessa falið í sér fjölbreytta staðsetningu á verkunum þar sem þau hafa undanfarin ár verið staðsett á ýmsum fjölförnum stöðum í bænum. Nú var sú leið hins vegar farin að búa til eina samsýningu í

Gryfjunninn í Duushúsum. Listaverkin voru af öllu tagi og úr hinum ýmsu list- og verkgreinum. Á sýningunni mátti sjá gott yfirlit yfir vinnu vetrarins, margvísleg vinnubrögð og óþrjótandi sköpunargleði barnanna í bænum og var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag.

Mygla

Það var sérlega ánægjulegt að nemendur framhaldsskólans bættust nú við sem þátttakendur á Listahátíð barna, þótt þeir séu ekki börn lengur í eiginlegum skilningi, en byggja e.t.v. listsköpun sína á því veganesti sem þeir hlutu á fyrri skólastigum um leið og verk þeirra geta orðið yngri nemendum innblástur.

Sýningarstjóri sýninganna á Listahátíð barna var Valgerður Guðmundsdóttir.

3.3.3 HULDUFLEY. SKIPA- OG BÁTAMYNDIR KJARVALS

Á sumarsýningu Listasafns Reykjanesbæjar, HULDUFLEY, var að finna úrval skipa- og bátamynda Jóhannesar Kjarvals sem Aðalsteinn Ingólfsson, sýningarstjóri, fékk að láni frá ýmsum aðilum, söfnum og einstaklingum.

Það hæfði vel að sýna þessi verk Kjarvals í Listasafni Reykjanesbæjar, í sjávarplássinu Keflavík, þar sem þau kölluðust á við bátalíkön vöfundarins Gríms Karlssonar í fremri sal.

Í texta Aðalsteins Ingólfssonar um sýninguna kemur fram að Kjarval málaði skip frá fyrstu tíð og sjálfur sagði hann að það hefðu einmitt verið þau sem kveiktu löngun hans til að tjá sig í myndum. Þannig koma skip og bátar oftast fyrir í verkum hans en flest önnur mannanna verk. Þau tóku hins vegar margvíslegum breytingum á málaraferli hans og þróuðust frá því að vera eins konar skráning á útlitseinkennum togara og seglskipa yfir í stemningsverk, síðar í tákmyndir um vegferð mannsins og loks jafnvel myndir með ívafi persónulegs uppgjörsvið menn og málefni.

Nóbelskáldið Halldór Laxness segir t.a.m. eftirfarandi árið 1938 um skipamynd eftir Kjarval: „Þetta skip er aðeins hugsað skip, sál úr skipi eða svipur skips, ef vill, erindi þess í myndinni er ekki eftirlíking hlutar, heldur hitt: að tengja hugmyndir skoðarans við ákveðin efni, sem listamaðurinn vill tjá á leynilegan, undirvitaðan hátt.

Raunverulegt skip vakir síst af öllu fyrir listamanninum.“

Sýningarstjóri var Aðalsteinn Ingólfsson.

3.3.4 ANDLIT BÆJARINS

Ljósanæversýning Listasafns Reykjanesbæjar í Duus Safnahúsum, Andlit bæjarins, var að þessu sinni unnin í samstarfi við Ljósop, félag áhugaljósmyndara í Reykjanesbæ. Það hefur verið stefna Listasafnsins að á Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar, sé heimafólk í fyrirrúmi og hafa listamennirnir hverju sinni tengst Reykjanesbæ með einum eða öðrum hætti. Að þessu sinni voru hvoru tveggja, viðfangsefnin og ljósmýndarinn heimafólk og á sýningunni sem var opnuð 3. september voru rúmlega 300 myndir af bæjarbúum til sýnis og Ljósanæturhelgina voru einnig teknar fleiri myndir af íbúum og brottfluttum.

Ljósop er einn af menningarhópum Reykjanesbæjar og hefur ávallt staðið fyrir skemmtilegum sýningum á Ljósanótt og þannig lagt sitt af mörkum til öflugs menningarlífs bæjarins. „Upphaflega varð verkefnið Andlit bæjarins til eftir áramótin 2015 þegar Ljósop ákvað að setja upp litla sýningu fyrir Safnahelgi á Suðurnesjum sem haldin var í mars síðastliðnum. Bæjarbúar tóku verkefninu mjög vel og segja má að það hafi slegið í gegn. Auk þess hefur það mikið og skemmtilegt sögulegt gildi, þá sérstaklega fyrir komandi kynslóðir“ segir Björgvin Guðmundsson sem tók allar myndirnar. Sýningarstjóri var Aðalsteinn Ingólfsson.

3.3.5 KVENNAVELDIÐ: KONUR OG KYNVITUND

Sýningin „Kvennaveldið: Konur og kynvitund“ var opnuð þann 13. nóvember. Á sýningunni var að finna verk eftir tólf listakonur, Doddu Maggý, Guðnýju Kristmanns, Guðrúnu Tryggvadóttur, Hlaðgerði Írisi, Huldu Vilhjálmsdóttur, Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur, Kristínu Gunnlaugsdóttur, Louise Harris, Magdalenu Margréti Kjartansdóttur, Rósku, Valgerði Guðlaugsdóttur og Þórdísi Aðalsteinsdóttur.

Leiðarstef sýningarinnar var að finna í texta sem bandaríska skáldkonan Joan Didion skrifaði um konur og femínisma, nefnilega: „Hvað það er að vera kona, ósættanlegar andstæðurnar sem í því felast – hvernig það er að lifa dýpsta vitundarlífi sínu líkt og neðansjávar, við dimman nið blóðs, barnsburða og dauða“. Í þessum texta deilir rithöfundurinn einnig á bandarískan femínisma, sem hún taldi gera lítið úr girnd, myrku ímyndunaraflí og líkamlega tengdum áhyggjum þroskaðra nútímakvenna.

Um listakonurnar á sýningunni segir í sýningarskrá: „(Þær) fara ekki í felur með langanir sínar og ímyndanir. Þær segja frá tilurð kynhvatar og kynþroska, opna meira að segja fyrir eldfima umræðuna um kynþokka barna, upphefja áður „óumræðanleg“ fyrirbæri á borð við sköp og fýsn kvenna, flétta saman eigin líffræði, tákfræði og sagnfræði...Áhorfandinn fær á tilfinninguna að í hispursleysi sínu séu myndlistarkonur komnar lengra í tilfinningaþroska en karlkyns starfsbræður þeirra, sjálfskipaðir umsjónarmenn stórra sanninda.“

Í sýningarskrá er einnig að finna ritgerð eftir Sigríði Þorgeirsdóttur, prófessor í heimspeki, sem ber heitið „Meiri spennu og minna stríð milli kynjanna“. Þar deilir hún m.a. á peningahagkerfi nútímans, sem „á upptök sín í hlutgervingu kvenna og meinar þeim á margan hátt að vera þær sjálfar.“

3.4 BÍÓSALUR DUUSHÚSA

Í Bíósalnum eru settar upp tímabundnar sýningar ýmist á vegum Listasafns eða Byggðasafns eða sameiginlega á vegum safnanna beggja.

3.4.1 15/15 – KONUR OG MYNDLIST

Þann 24. janúar var opnuð sýning á verkum fimmtán íslenskra kvenna úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar í tilefni þess að árið 2015 voru liðin 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt. Á sýningunni mátti m.a. sjá olíuverk, tússteikningar og vatnslitamyndir og hafa verkin komist í eigu safnsins á síðustu fimmtán árum. Sýningin stóð til 8. mars. Sýningarstjóri var Valgerður Guðmundsdóttir.

3.4.2 ÞETTA VILJA BÖRNIN SJÁ

Í tengslum við Listahátíð barna fengum við til okkar farandsýninguna Þetta vilja börnin sjá! en hún samanstóð af myndum sem prýddu íslenskar barnabækur á fyrra ári. Sýningin opnaði í Gerðubergi, í fjórtánda sinn, í janúar og fór svo á flakk um landið. Um 30 myndskreytar tóku þátt í sýningunni og sýndu myndirnar vel þá fjölbreytni sem er að finna í íslenski barnabókaútgáfu. Bókasafn Reykjanesbæjar kom að þessu verkefni með okkur og lagði til barnabækur, mottur o.fl. þannig að vel gæti farið um fjölskyldur við lestur og myndaskoðun.

3.5 GRYFJAN

3.5.1 SÝNINGAR TENGÐAR HÖNNUN

Gryfjan er einn sýningarsalanna í Duushúsum og þar hafa verið til skiptis sýningar á vegum Byggðasafns og Listasafns. Á vegum Listasafnsins voru árið 2015 einar 3 sýningar í salnum og 1 til viðbótar á vegum Listasafns og Byggðasafns saman og voru þær allar tengdar handverki og hönnun.

3.5.2 SJÁLFSAGÐIR HLOTIR

Sýningin Sjálfsgæðir hlutir kom frá Hönnunarsafni Íslands og fjallaði um þekkta hluti úr hönnunarsögunni. Tilgangur sýningarinnar var að kynna efni og sögu þekktra og oft klassískra hluta. Nær allt sem við snertum hefur verið hannað á einhvern hátt. Á sýningunni voru sýndir nokkrir af þeim hlutum sem við lítum á sem sjálfsgæða í daglegu lífi og efnisvali þeirra gerð skil. Augnlinsur, tannstönglar, klósett og bréfastemmur eru dæmi um hluti sem gegna allir á sinn hátt mikilvægu hlutverki og hafa jafnvel sannað gildi sitt sem „klassískir“ á þann hátt að endurnýjun eða endurhönnun virðist óþörf þegar við virðum þá fyrir okkur. Sýningarstjóri var Þóra Sigurbjörnsdóttir starfsmaður Hönnunarsafns Íslands. Sýningin opnaði 24. janúar.

3.5.3 KJÓLAR – Jafnvægið milli hins náttúrulega og hins tilbúna

Á Ljósanótt opnaði sýning á 7 kjólum Örnú Atladóttur fatahönnuðar. Arna er fædd í Reykjavík árið 1984 en ólst upp frá 6 ára aldri í Reykjanesbæ. Hún stundaði textílnám við Textilskolen í Holte, Danmörku og fór síðar í nám í fatahönnun í Instituto Europa di Design í Madrid. Á þessari fyrstu einkasýningu Önnu sem nefndist „The balance between natural and artificial“ notaðist hún við mannshár og hrosshár í textíl ásamt perlum og kristöllum. Innblástur sýningarinnar voru þær kröfur sem samfélagið setur á útlit kvenna. Sérstaklega voru Önnu hugleikin mótsagnarkennd viðhorf til hárvaxtar kvenna þar sem þær leitast oftast en ekki við að hafa þykkt og mikið hár á höfði en að sama skapi þykir snyrtilegt að fjarlægja öll önnur líkamshár. Margar spurningar vöknudju hjá hönnuði í sambandi við viðfangsefnið og hér fékkst Arna við að blanda saman hefðbundnu skrauti og þrjáli við hár og setti þannig líkamshár í nýtt samhengi sem eins konar þrýði kvenna. Óteljandi hárlykkjur, perlur og annað efni er notað í textílinn en hönnuðurinn sat löngum stundum við að bródera og vinna hárin sem að lokum voru fest við efnið. Samhliða kjólunum voru sýndar skissur og litlar textílprufur. Sýningin opnaði 3. september.

3.5.4 TÖSKUR

Listasafnið hefur verið í samstarfi við Handverk og hönnun í mörg ár og fengið sýningar frá þeim nokkrum sinnum. 13. nóvember var opnuð sýning á þeirra vegum í Gryfjunni og nefndist hún því einhvalda nafni Töskur. Forsagan var sú að í mars 2014 stóð Handverk og Hönnun fyrir samkeppni um töskur og tóku fjölmargir þátt. Hvatt var til endurvinnslu en það var þó ekki skilyrði. Valið var úr innsendum töskum og þær sýndar á stuttri sýningu í Kringlunni í mars 2014. Töskurnar voru úr ólíkum efnum, dagblöðum, niðursuðudósum, kaffipokum, rekaviði, leðri og sigtum svo eitthvað sé nefnt. Sýnendur voru: Arndís Jóhannsdóttir, Arnþrúður Halldórsdóttir, Bjargey Ingólfssdóttir, Fríða Ragnarsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir/Ísa-fold design, Helena Sólbrá, Helga Ósk Einarsdóttir, Jóna Imsland, Lene Zachariassen, Magdalena Sirrý, Margrét Guðnadóttir, María Manda, Ragnheiður Guðjónsdóttir/Sifka design, Sigríður Júlía Bjarnadóttir og Steinunn Aldís Helgadóttir.

3.5.5 KLAUSTURSAUMUR OG FILMUPRJÓN

Sýningin Klaustursaumur og filmuprjón var samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar og Byggðasafns Reykjaensbæjar þar sem sýnd voru textílverk úr safneign listasafnsins og hannyrðir úr eigu byggðasafnsins ásamt völdu handverki úr eigu kvenna úr Reykjanesbæ. Nafn sýningarinn vísaði í breitt svið þeirra verka sem sjá mátti á sýningunni og má þar m.a. telja aldagmala útsaumsaðferð og hins vegar nýlegt listaverk sem samanstóð af hekludum filmum. Þó flokka megi öll verk sýningarinnar sem textílverk, fela þau í sér ólíkar nálganir, bæði hvað varðar hugmyndir, efnisval og úrvinnsluaðferðir enda byggja þau ýmist á handverki, myndlist eða hönnun. Oft skarast þó mörkin milli þessara ólíku þátta og útkoman getur komið skemmtielga á áóvart. Sýningarstjóri var Inga Þórey Jóhannsdóttir.

3.6 STOFAN

Á árinu bættist nýr sýningarsalur við þá flóru sem þegar er að finna í Duus Safnahúsum, Stofan í Bryggjuhúsi. Stofan er mikið nýtt til ýmiss konar fundahalds og hún býður einnig upp á tækifæri til sýningahalds.

3.6.1 HUGHRIF NÁTTÚRUNNAR

Listasafn Reykjanesbæjar fór í samstarf við Sandgerðisbæ um að kynna verk finnsku listakonunnar Eiju Pirttilathi og opnaði af því tilefni sýningu á verkum hennar þann 3.

september. Eija hefur verið í samvinnu við kennara og listafólk í Sandgerði um nokkurn tíma.

Eija er textíllistakona og vinnur verk sín í þæfða ull. Vinnustofa Eiju er staðsett í þorpinu Pohjaslahti í listabænum Mänttä-Vilppula og fyrirtæki hennar Sammallamma hefur verið starfrækt síðan 1994. Fyrirtækið er staðsett í miðjum skógi og þangað sækir Eija sinn mikilvægasta innblástur. Þekktustu vörur Sammallamma eru vínkælar í formi dýra og eru þeir þæfðir úr finnskri ull og sýndi hún nokkra slíka við þetta tækifæri. Einnig sýndi Eija veggteppi einnig unnin úr þæfðri ull. Verkin á sýningunni sýndu hughrif úr ferðum hennar um Ísland.

3.6.2 UM HERÐAR ÞÉR OG HÁLS

Þann 5. og 6. desember var boðið upp á sýningu á handprjónuðum hyrnum og langsjölum eftir hönnuðinn Magdalenu Sírý í Stofunni.

4. ÚTGÁFA, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR

4.1 SAMFÉLAGSMIÐLAR

4.1.1 VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN

Á vefnum eru veittar upplýsingar um starfsemi safnsins með áherslu á sýningar og viðburði. Þar er að finna gott yfirlit yfir sýningar safnsins frá upphafi auk ýmissa hagnýtra upplýsinga. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn. Yfirfærslu efnis af gamla vefnum er ekki fullkomlega lokið en unnið er í því jafnt og þétt.

4.1.2 FACEBOOK

Listasafnið notar Facebook markvisst í að koma viðburðum og starfsemi sinni á framfæri. Þar eru settar inn tilkynningar um það sem er efst á baugi hverju sinni, myndir af viðburðum og fólk hvatt til heimsóknar í safnið og til að mæta á þá viðburði sem boðið er upp á hverju sinni. Listasafnið á nú 814 aðdáendur á Facebook og hefur þeim fjölgað um 114 frá síðasta ári. Í ár gerðum við tilraunir með keyptar auglýsingar til að auka sýnileika safnsins og gafst það ágætlega.

4.2 PRENTUN

Listasafn Reykjanesbæjar hefur frá upphafi staðið fyrir öflugum útgáfustarfi og á síðasta ári voru gefnir út fimm litlir bæklingar 4-6 síður, einn 24 síðna og ein stór sýningarskrá upp á 60 síður. Í öllum bæklingunum var gerð grein fyrir viðkomandi listamanni/mönnum og

verkum hans/þeirra. Textinn er alltaf þýddur yfir á ensku og því birtur bæði á íslensku og ensku í bæklingunum nema í Listahátíðarbæklingnum þar er textinn einungis á íslensku enda markhópurinn þar börn og foreldrar í Reykjanesbæ. Prentuð voru 250 eintök af hverjum stóru bæklinganna og fékk hver listamaður í sínar hendur nokkur eintök sem hann getur þá notað til kynningar. Af minni bæklingunum voru prentuð 1000 eintök. Ekki voru prentuð boðskort á þessu ári heldur aðeins send út tölvuboðskort. Auglýsingaplaköt voru prentuð í tengslum við allar sýningarnar.

4.3 SKRÁNING SAFNKOSTSINS OG FORVARSLA

Listasafnið hefur gerst aðili að Sarpi og á síðasta ári var lokið við að flytja skráninguna úr Access grunninum og yfir í Sarp. Hulda Björk Þorkeldsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur tók að sér að vinna grunnskráninguna. Síðan var Inga Þórey Jóhannsdóttir ráðin til að fylla inn listfræðilegan hluta skráningarinnar.

Stærstur hluti listaverkanna er nú kominn í framtíðargeymslur Listasafnsins í Ramma, Seylubraut 1 í Ytri-Njarðvík. Með tilkomu safngeymslanna í Ramma er komin góð aðstaða fyrir safnkost listasafnsins. Öll verkin eru skráð og pökkuð og búið er að ákveða verklag við afgreiðslu og skráningu verka til og frá geymslunum. Geymslurnar eru hlýjar og þurrar og öryggiskerfi og brunavarnir eru í góðu lagi. Í undirbúningi er hönnun sérstaks verkferils til að tryggja enn frekar öryggi við móttöku verka, varðveislu og afgreiðslu úr safnkostinum, svo tryggt verði að öll verk verði skráð með réttum hætti og að staðsetning verkanna sé alltaf ljós. Þetta verkefni er unnið í samráði við Bygðasafn Reykjanesbæjar.

Einnig verða á þessu ári gerðir samningar við allar stofnanir sem hýsa verk úr safnkostinum sem gera ábyrgðaraðila hjá stofnunum ábyrga fyrir verkum á hverjum stað og til að tryggja að verk verði aldrei færð til nema í samráði við og af starfsfólki Listasafnsins.

4.3.1 Sarpur - fullnaðarskráning haustið 2015

Við vinnu í Sarp fyrir Reykjanesbæ var ástand verka í safneign skoðað. Farið var yfir eldri skráningar verka í gagnagrunninum. Var þá helst horft til þess að færa inn réttar stærðir, með eða án ramma, efni og aðferðir. Talsverður tími var nýttur til að finna upplýsingar um listamenn sem líklega hefur verið erfitt að nálgast þegar frumskráning í gagnagrunninum

átti sér stað. Skráðar voru lýsingar á verkum þ.m.t. uppbyggingu þeirra, stílbrögð og innihald. Jafnframt var skráð hvort verkin voru árituð og hvar sú áritun birtist.

Haft var uppá sögu verka, og skráð hvort þau hefðu verið keypt eða fengin að gjöf.

Viðkvæmum verkum voru fundnar nýjar umbúðir og teknar ljósmyndir af mörgum þeim verkum sem ekki voru til myndir af í gagnagrunninum.

Ný aðföng 2015 voru númeruð og þau skráð í Sarpinn.

Þegar hafist var handa við skráningu s.l. haust kom í ljós að safneign Listasafns Reykjanesbæjar var geymd á tveimur stöðum. Annars vegar í Ramma og hins vegar á Tjarnargötu. Ákveðið var í samráði við Valgerði og Guðlaugu Maríu að sameina safneignina og flytja öll listaverkin frá Tjarnargötunni yfir í aðalgeymslur safnsins í Ramma. Þannig fer betur um gripina og verður auðveldara að hafa yfirsýn á safneigninni. Mörg þeirra verka sem komu af Tjarnargötu höfðu verið skráð í gagnagrunninn án þess að vera skoðuð nánar og vantaði um þau helstu upplýsingar.

Safninu barst gjöf frá fjölskyldu Áka Granz, málverk, skúlpúrar og steinasafn Áka. Ekki vannst tími til að skrá gjöfina í gagnagrunninn.

Það sem undirrituð telur að í framhaldi sé mikilvægt að gera:

Það væri ákjósanlegt að búa til kerfi í gagnagrunninum þar sem hægt verður að skrá sérstaklega verk sem bætast reglulega í safneignina frá m.a. vinarbæjum Reykjanesbæjar eða eftir hátíðir á borð við „List án landamæra“ og Listahátíð barna.

Ekki vannst tími til að ljósmynda öll verk fyrir gagnagrunninn en það auðveldar alla vinnu í tengslum við safneignina og eykur öryggi að hafa myndir af verkum í Sarpinum.

Þörf er á að skipuleggja geymslur safnsins betur þannig að safneignin verði flokkuð eftir efnum og aðferðum í stað stærðar verka. Þannig mætti flokka málverk á sérstakan stað, þar sem þau verk þurfa að vera vel varin (án þess að vera pökkuð í bóluplast). Síðan mætti halda utan um grafíkverk á sérstökum hillum sem og teikningar og ljósmyndaverk.

Inga Þórey Jóhannsdóttir

4.4 LEIÐSAGNIR

Leiðsögn listamanns eða sýningarstjóra er fastur liður í tengslum við miðlunarhluta sýninganna auk þeirra kynninga sem starfsmenn safnsins veita á hverju sýningartímabili. Í febrúar var Björg Erlingsdóttir sýningarstjóri með leiðsögn um sýninguna Til sjávar og sveita sem sýndi verk Gunnlaugs Scheving. Í ágúst var Aðalsteinn Ingólfsson með leiðsögn um Kjarvalssýninguna Huldufley. Í nóvember tók Björgvin Guðmundsson á móti gestum á

sýningu Ljósops, Andlit bæjarins, og bauð í framhaldi upp á myndatöku sem fjöldi manns þáði og þannig heldur verkefnið enn áfram að vinda upp á sig. Í nóvember var boðið upp á leiðsögn um sýninguna Kvennaveldið: Konur og kynvitund, í fylgd sýningarstjóra Aðalsteins Ingólfssonar. Honum til fulltingis voru tveir listamannanna, þær Guðrún Tryggvadóttir og Louise Harris. Í janúar á þessu ári var loks boðið upp á vel sótt málþing í tengslum við þessa sömu sýningu sem Aðalsteinn stýrði og í pallborði voru Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki, sem ritaði formála í sýningarskrá sýningarinnar ásamt listamönnunum Guðrúnu Tryggvadóttur, Kristínu Gunnlaugsdóttur og Magdalenu Margréti Kjartansdóttur.

4.5 SÖFNUN HEIMILDA

Mikil heimildaöflun fylgir öllum sýningunum í Listasafnum. Upplýsingum um hvern einasta listamann sem þar sýnir er safnað saman og þær skráðar, s.s. menntun, yfirlit yfir allar sýningar og önnur störf sem viðkomandi hefur unnið í tengslum við myndlist, öll verk á sýningunni eru ljósmynduð og skráð með heitum, stærð, hvenær unnin, úr hvaða efni o.fl. sem nauðsynlegt þykir að fylgi hverju verki. Þessar heimildir eru allar geymdar í skrá safnsins.

Þeirri heimildavinnu um myndlist og myndlistarmenn á Suðurnesjum sem hófst árið 2004 er fram haldið og nýjar upplýsingar koma fram á hverju ári. Við skráningu safnkostsins á árinu komu einnig fram ýmsar upplýsingar sem nú er unnið við að koma í gagnagrunninn jafn óðum.

4.6 SAFNKENNSLA

Samkvæmt sýningastefnu safnsins er lögð áhersla á gott samstarf við skólana í bænum og upplýsingar um sýningar safnsins sérstaklega kynntar þeim. Þá er sömuleiðis lagt upp með skipuleggja sýningahald þannig að ákveðnar sýningar geti flokkast sem sérstakar nemendasýningar. Bréf eru send í alla skóla til að kynna þær sýningar sem í gangi eru hverju sinni og skólarnir hvattir til að bóka heimsóknir hjá fræðslufulltrúa safnsins sem jafnframt tekur á móti hópunum, veitir leiðsögn um sýningarnar og/eða leggur fyrir verkefni í samvinnu við kennarana sem fylgja hópunum. Það hefur sýnt sig að það fer mjög eftir eðli sýninganna hversu mikið aðdráttarafli þær hafa fyrir nemendahópa. Einstaka sýningar slá í gegn á meðan aðrar draga til sín færri fólk.

Á árinu voru skráðar nemendaheimsóknir í kringum ríflega 1.800. Þar af voru leikskólanemendur ríflega 900, grunnskólanemendur voru 865 og framhaldsskólanemendur í kringum 50. Af þessum hópi fengu um 330 formlega leiðsögn

safnkennara um sýningarnar. Flestar heimsóknirnar eru í tengslum við listahátíð barna eða um 800 heimsóknir.

4.7 FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Listasafnið heldur áfram kynningu á íslenskri myndlist í landgangi flugstöðvarinnar. Er þetta gert með því að hengja upp mismunandi listaverk ásamt upplýsingum um safnið og listamennina á veggspjöldum. Ef möguleiki er á er reynt að tengja verkið sem hengt er upp við þær sýningar sem eru yfirstandandi í Listasafninu hverju sinni.

Þau verk sem prýddu landgang flugstöðvarinnar árið 2015 voru eftir myndlistarmennina Hlaðgerði Írisi Björnsdóttur, Björgvin Guðmundsson og Louise Harris.

5. ÖNNUR VERKEFNI

5.1 LISTASKÓLINN

Listasafnið hefur á liðnum árum haldið úti Listaskóla barna á sumrin þar sem markmiðið er að skapa börnum í sveitarfélaginu tækifæri til þátttöku í listrænu og skapandi starfi.

Listaskólinn er rekinn í samstarfi við Félag myndlistarmanna og Leikfélag Keflavíkur. Hann hefur boðið upp á sumarnámskeið fyrir 7-13 ára börn frá árinu 2003.

Boðið var upp á 2 þriggja vikna námskeið. Námskeiðin voru haldin dagana 10. – 30. júní og 4.-25. ágúst frá kl. 09:00 – 12:30 alla virka daga. Námskeiðsgjald var 10.000 kr. líkt og undanfarin ár ásamt því sem veittur var 2.000 króna systkinaafsláttur.

35 pláss voru í boði á hvoru námskeiðinu og þau fylltust bæði. Samtals sóttu námskeiðið 72 börn, 58 stelpur og 14 strákar.

Það er mjög mikilvægt að börnum í bæjarfélaginu standi námskeið af þessu tagi til boða sem kemur til móts við þarfir þeirra sem hafa ríka sköpunargleði og listtengdan áhuga. Við sjáum líka mörg barnanna koma aftur og aftur á námskeiðið. Það er mat þeirra sem að verkefninu stóðu að vel hafi tekist til í sumar og að allir sem að komu, börn, foreldrar og starfsfólk hafi verið ánægt með afraksturinn.

5.2 LISTAHÁTÍÐ BARNNA

Listahátíð barna er samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskóla, allra 6 grunnskóla, tónlistarskóla og dansskóla bæjarins auk Fjölbautaskóla Suðurnesja og var haldin í 10. sinn dagana 7. - 25. maí 2015.

Yfirskrift leikskólahluta hátíðarinnar 2015 var *Undraheimur bókarinnar*, yfirskrift grunnskólahlutans var Listaverk í leiðinni auk Hæfileikahátíðar grunnskólanna og yfirskrift sýningar FS var Mygla. Gerð var grein fyrir hátíðinni í kafla 3.3.2.

Um 1.800 gestir heimsóttu Duushúsin þá 19 daga sem sýningin stóð. Það gerir um 95 gesti á dag sem verður að teljast einstaklega góð aðsókn.

Aðkoma Listasafnsins lá í skipulagningu og utanumhaldi verkefnisins, kynningu, útgáfu sýningarskrár og fleira sem til féll. Listasafnið hefur einnig staðið straum af megin kostnaði við verkefnið. Fræðsluvið hefur aukið aðkomu sína að verkefninu ekki síst þeim hluta sem snýr að aðkomu grunnskólanna og einnig tekið þátt í kostnaði þeim tengdum.

Þá hefur Tónlistarskóli Reykjanesbæjar tekið virkan þátt í hátíðinni með þátttöku í Hæfileikahátíðinni auk þess sem þau komu fram á ýmsum þeim stöðum þar sem viðburðir voru og óskað var eftir þátttöku þeirra.

5.3 LIST ÁN LANDAMÆRA

Sveitarfélögin á Suðurnesjum tóku í ár þátt í Listahátíðinni List án landamæra í sjöunda sinn. Á þessari einstöku hátíða vinna fatlaðir og ófatlaðir saman að ýmsum listtengdum verkefnum. Sótt var um sameiginlegan styrk til verkefnisins til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem fékkst og var hann fyrst og fremst nýttur til ráðningar listafólks til að halda utan um og vinna með fötluðum og ófötluðum einstaklingum að undirbúningi hátíðarinnar. Ákveðið var að kjarni hátíðarinnar yrði í Reykjanesbæ þar sem fatlaðir á Suðurnesjum sækja flestir sína þjónustu þangað. Samstarfsaðilar í verkefninu voru MSS með Jennýju Magnúsdóttur í forsvari en hún hefur umsjón með fullorðinsfræðslu fatlaðra á vegum Miðstöðvarinnar og situr í stjórn Listar án landamæra. Auk þess var náðið samstarf við Leikfélag Keflavíkur og Gargandi snilld, Hæfingarstöðina og Björgina geðræktarmiðstöð.

Umsjónarmenn verkefna voru:

- Guðný Kristjánsdóttir og Halla Karen Guðjónsdóttir sem stýrðu sviðsverki í Frumleikhúsinu með Bestu vinum í bænum.
- Björgin – geðræktarmiðstöð, sá um kaffihús í Hvammi.
- Helga Eiríksdóttir, deildarstjóri í Akurskóla, hélt utan um myndlistarverkefni Lúðvíks Ágústssonar, nemanda á yngsta stigi, sem sýndi í kaffihúsi Kaffitárs.

- Telma Rut Eiríksdóttir, þroskaþjálfari á starfsbraut FS, hélt utan um myndlistarverkefni Manuela Björn Gomes Jóhannssonar nemanda á starfsbraut FS.
- Hæfingarstöðin vann listverkefni með þjónustunotendum auk þess að bjóða upp á námskeið í gerð grínmyndbands. Umsjón með því verkefni hafði Sindri Jóhannsson.
- Fullorðinsfræðsla fatlaðra hjá MSS bauð upp á námskeið í silkiprykki. Leiðbeinandi var Alda Sveinsdóttir fatahönnuður.
- Rut Ingólfssdóttir keramikar, sá um uppsetningu á myndlist í Frumleikhúsi.

Opnunarhátíð var í anddyri Frumleikhússins þar sem myndlistin var einnig til sýnis og var fullt út úr dyrum. Þar voru myndlistarmennirnir heiðraðir og grein gerð fyrir sýningum þeirra. Þá var grínmyndbandið frá Hæfingarstöðinni frumsýnt og frumsýning á leikritinum "Árshátíð í ævintýraskógi" fór fram. Leikritið var sýnt alls þrisvar sinnum og var fullt á allar sýningar, um 150 manns á hverri sýningu.

Hátíðin gekk í heildina vel og fyrirkomulagið sem slíkt hefur gefist vel þ.e. að ráða verkefnastjóra til að sinna ákveðnum hlutum hátíðarinnar og sameinast svo um sýningarhald. List án landamæra er í senn bráðskemmtilegt og samfélagslega bráðnauðsynlegt verkefni sem við erum stoltir þátttakendur í og er það okkar von að það hljóti áfram stuðning frá sveitarfélögunum til að geta áfram vaxið og dafnað. Það sýndi sig og sannaði að hæfileikafólk er á hverju strái sem alla jafna fær ekki mörg tækifæri til að koma list sinni á framfæri og því má segja að listahátíð af þessu tagi sé kjörinn vettvangur auk þess sem verkefni sem þetta leiðir til aukins skilnings manna á milli með ávinningi fyrir samfélagið allt. Ákveðið var að Listasafnið tæki þátt í þessu verkefni aftur á ári.

6. HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI

6.1 HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI

Listasafnið er rekstraraðili Duushúsanna sem eru menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar og þar er aðal sýningarsalur safnsins, Listasalur. Einnig hefur safnið verið með sýningar í Gryfjunni, Bíósal og Stofunni sem einnig eru í Duushúsum. Safngeymslur eru í Ramma, Seylubraut 1. Opnunartími safnsins var fyrri hluta ársins frá kl. 12.00-17.00 virka daga en um helgar frá 13.00-17.00 en það breyttist 1. júní og eftir það var safnið opið alla daga frá 12.00-17.00. Þess utan er opið þegar þurfa þykir, bæði fyrir á morgnana og

fram á kvöld. Eins og fram hefur komið þá er Listasafnið rekstrarðili Duushúsa og safnfulltrúarnir sem standa vaktir í Duushúsum eru á starfsmannalista safnsins, allir nema verkefnastjóri ferðamála sem ekki telst starfsmaður listasafnsins og því ekki nefndur hér.

6.2 STARFSFÓLK

Fastráðið starfsfólk:

1. Valgerður Guðmundsdóttir skipar stöðu forstöðumanns,	100 % staða
2. Guðlaug María Lewis, deildarstjóri og fræðslufulltrúi,	100 % staða
3. Theodór Kjartanasson umsjónarmaður starfaði til 15.maí	100 % staða
4. Gígja Rós Þórarinsdóttir safnfulltrúi , byrjaði 15.maí	55 % staða
5. Sigrún Elefssen safnfulltrúi, byrjaði 15. maí	55 % staða

Lausráðið starfsfólk:

4. Maríanna Ástmarsdóttir safnfulltrúi, hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum
5. Johan Daniel Jonsson safnfulltrúi, hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum
6. Þór Fjalar Hallgrímsson safnfulltrúi, afleysingar í safnvörslu

Verkefnaráðið fólk:

7. Sara Dögg Gylfadóttir, kennari við Listaskólann
8. Guðný Krisjánsdóttir, kennari við Listaskólann
9. Albert Halldórsson, kennari við Listaskólann
10. Aðalsteinn Ingólfsson situr í listráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn
11. Inga Þórey Jóhannsdóttir situr í listráði safnsins, tekur að sér sýningarstjórn og vann við skráningu á safnkosti.
12. Hulda Björk Þorkelsdóttir fyrrverandi bæjarbókavörður, skráð sem verkefnastjóri á menningarskrifstofunni og vann við skráningu safnsins í Sarp.

Að auki hefur starfsfólk Byggðasafns aðstoðað við uppsetningu sýninga og afleysingar við safnvörslu. Þau Haraldur Haraldsson og Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður ásamt Birni Ragnarssyni fyrrum starfsmanni Byggðasafnsins.

6.3 GESTAFJÖLDI

Listasafnið er eins og áður segir rekstraraðili að Duus Safnahúsum. Heildargestafjöldi ársins í Duus Safnahús var 40.397 sem er fjölgun frá árinu 2014 en þá voru gestir 38.492. Mesta aukningin var á heimsóknum erlendra gesta sem voru 9.000 talsins sbr. við 4.300 árið 2014. Af heildargestafjöldanum voru gestir Ljósanætur um 19.400.

7. REKSTUR

Listasafnið hafði kr. 38.750.000 til ráðstöfunar á síðasta ári og þar af var stærsti hlutinn ætlaður í laun og launatengd gjöld alls 27 milljónir en safnið rekur Duushúsin og allar launakostnaður þar er innan listasafnslykilsins nema laun verkefnastjóra ferðamála. Launaliðurinn var talsvert hærri en áður vegna þess að safnið hafði fengið leyfi til að ráða háskólamenntaðan starfsmann til að sinna faglegu starfi safnsins og þá einkanlega safnkostinum. Um mitt ár var ljóst að vegna sparnaðartillagna yrði ekki ráðið í þessa stöðu og einnig var reynt að draga úr öllum kostnaði við reksturinn m.a. var fækkað um eina stóra sýningu í Listasal og skilaði safnið því 11 milljóna króna hagnaði á árinu 2015.

Auk hefðbundinnar safnastarfsemi er safnið rekstraraðili Duushúsa og einnig hafa starfsmenn safnsins verið með verkstjórn í ýmsum verkefnum s.s. stýrt Listaskólanum, List án landamæra og Listahátíð barna og eru því rekstrartölur starfseminnar á nokkrum bókhaldslyklum sem allir falla þó undir menningarfulltrúa sem jafnframt er forstöðumaður listasafnsins. Sá kostnaður er ekki tiltekinn hér.

Þegar reksturinn er skoðaður kemur fram að megin kostnaðurinn er greiddur af Reykjanesbæ en ýmsir styrkir hafa þó fengist í hin ýmsu verkefni. Erfiðleikar í rekstri safna, almennt á landinu, hafa verið nokkrir síðustu ár og fastir styrktaraðilar Listasafnsins frá því fyrir hrun hafa horfið úr stuðningsliðinu en aðrir hafa sem betur fer komið inn í staðinn og má þar nefna Menningarsjóð Suðurnesja sem sækir fé sitt til ríkisins og deilir út hér á svæðinu. Einnig sækir safnið árlega styrk til Safnasjóðs sem eitt af viðurkenndum söfnum landsins. Þessir styrkir skila því að safnið getur enn verið með öflugra útgáfu og staðið fyrir ýmsum skemmtilegum verkefnum fram yfir það allra nauðsynlegasta.

Heildarveltan 2015 á lykli safnsins 05-511 var 27.712.671. Styrkir fengust að upphæð 4.000.000. Til viðbótar má leggja rekstrarkostnað Duushúsa 24.332.395. Ekki eru hér tilteknar upphæðir af öðrum lyklum þar sem verkefni listasafnsins liggja, s.s. listaskólinn, listaverk bæjarins og listahátíð barna.

8. LOKAORÐ

Árið 2015 var hefðbundið ár í starfsemi safnsins og mörg áhugaverð verkefn unnin. Fjöldi fastra starfsamanna hélst óbreyttur en þeir eru þrír, aðrir fjórir voru lausráðnir í hlutastörfum og 6 tóku að sér ýmis tímabundin verkefni s.s. við sýningarstjórn og vinnu við safnkostinn, bæði skráningu og aðra umsýslu.

Listasafn Reykjanesbæjar er ennþá eina listasafnið á Suðurnesjum og sem slíkt hefur það ýmsum skyldum að gegna og þá ekki síst í sambandi við menningaruppeldi ungu kynslóðarinnar. Nemendur í bæjarfélaginu eru duglegir að koma í nemendaheimsóknir auk fjölda gesta sem nýttu sér leiðsagnir listamanna og sýningarstjóra og alls komu um 40.000 gestir í safnið árið 2015 sem er nokkuð svipaður fjöldi og áður.

Safnið hefur frá fyrstu tíð stutt við margvísleg verkefni tengd listum og menningu og skipar orðið stórt hlutverk í menningarlífi svæðisins. Starfsmenn safnsins stýra t.d. Listahátíð barna og List án landamæra sem hvoru tveggja eru árleg verkefni í Reykjanesbæ auk þess sem Listaskóli barna er rekinn á sumrin af safninu. Safnið setti upp 13 sýningar á árinu s.s. í Listasal Duushúsa og víðar og þá hefur safnið staðið fyrir veigamikilli útgáfu í tengslum við þær sýningar sem safnið stóð fyrir í Listasal. Miðlun safnsins fer einnig fram í gegnum vefsíðu og fb síðu og fjölda fréttatilkynninga sem sendar eru út við öll tilefni.

Unnið var sérstaklega við skráningu alls safnkostsins á árinu og búið að yfirfæra upplýsingar um safnkostinn í Sarp. Verkefnaráðinn starfsmaður vann sérstaklega við það að fylla enn frekar inn sértækar listfræðilegar upplýsingar í grunninn og er vonast til þess að því ljúki á þessu ári. Haldið var áfram að safna upplýsingum um myndlistarlíf fyrri tíma í bæjarfélaginu og einnig fengust miklar upplýsingar í tengslum við safneignina í vinnunni við gagnagrunninn.

Menningarsjóður Suðurnesja styrkti þrjú verkefni á vegum safnsins og einnig fékk safnið bæði verkefnastyrk og rekstrarstyrk frá Safnaráði. Þessar styrkveitingar gerðu það að verkum að ýmis verkefni safnsins voru viðameiri en annars hefði verið. Stærsti hluti rekstrarfjárins kemur þó frá Reykjanesbæ og auðsýnt að mikill metnaður bæjaryfirvalda er að halda uppi góðu listasafni á Reykjanesi þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og má þakka fyrir þá framsýni. Því til viðbótar er síðan mikil útsjónarsemi starfsfólksins alls sem hefur orðið til þess að það náðist að ljúka verkefnum ársins 2015 með góðum árangri.

Reykjanesbæ, 7. mars 2016

Valgerður Guðmundsdóttir

Forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar

